

Fundarsköp ársfundar Alpýðusambands Íslands

Ársfundur Alpýðusambands Íslands





EFNISYFIRLIT

1.0. Upphaf ársfundar – Afgreiðsla kjörbréfa	3
2.0. Stjórn ársfundar.....	4
3.0. Nefndir.....	4
4.0. Umræður.....	5
5.0. Tillögur, lagabreytingar og atkvæðagreiðsla	5
6.0. Kosningar.....	7
7.0. Afgreiðsla og breyting fundarskapa	8
Atriðisorðaskrá	9
Aðgangur að fundarsal:	9
Afgreiðsla og breyting fundarskapa:	9
Forseti ASÍ, réttindi og skyldur:	9
Inntökubeiðnir:.....	9
Kjörbréf og kjörbréfanefnd:	9
Kosningar:	9
Lögmæti fundar:.....	9
Nefndir:	9
Tillögur og atkvæðagreiðsla:.....	9
Umræður, þátttaka og stjórnun:	10
Fundarstjórar, réttindi og staða:	10






1.0. Upphaf ársfundar – Afgreiðsla kjörbréfa

- 1.1. Forseti ASÍ setur ársfund og stjórnar honum þar til fundarstjóri hefur verið kosinn. Skal forseti ASÍ standa fyrir kosningu hans.
- 1.2. Forseti skipar tvo skrifara, ef henta þykir, þar til skrifarar úr hópi ársfundarfulltrúa hafa verið kjörnir. Skyldur skipaðra skrifara eru þær sömu og kjörinna.
- 1.3. Forseti skipar svo marga úr hópi ársfundarfulltrúa og/eða starfsmanna sem hentugt þykir til talningar atkvæða vegna atkvæðagreiðslu um kjörbréf.
- 1.4. Þegar ársfundur hefur verið settur skal kjörbréfanefnd skila tillögum sínum. Tillögur kjörbréfanefndar skulu liggja frammi og vera ársfundarfulltrúum aðgengilegar í a.m.k. hálf klukkustund áður en þær eru teknar til afgreiðslu. Framsögumaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir tillögum nefndarinnar um hvort kosning og kjörgengi ársfundarfulltrúa og varafulltrúa þeirra, skuli talin gild, sbr. V. kafla laga ASÍ. Forseti ber upp tillögu kjörbréfanefndar munnlega án þess að lesin séu einstök kjörbréf. Þó skal lesa þau kjörbréf sem lagt er til að hafnað verði og þar sem lagt er til að afgreiðslu verði frestað sbr. grein 1.7.
- 1.5. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður við afgreiðslu kjörbréfa. Minnst 10 ársfundarfulltrúar geta skriflega krafist leynilegrar atkvæðagreiðslu um gildi eins eða fleiri kjörbréfa.
- 1.6. Ársfundarfulltrúar hafa full réttindi um afgreiðslu eigin kjörbréfa.
- 1.7. Ársfundarfulltrúar geta samþykkt frestun á afgreiðslu einstakra kjörbréfa sé þörf nánari athugana á þeim. Skulu hlutaðeigandi ársfundarfulltrúar engan þátt taka í fundarstörfum á meðan athugun fer fram og þar til afgreiðslu þeirra er lokið sbr. þó grein 1.6.
- 1.8. Kjörbréfanefnd starfar frá því hún er skipuð samkvæmt 32. grein laga ASÍ þar til ný nefnd hefur verið skipuð vegna næsta ársfundar.
- 1.9. Nú hamlá lögmaetar ástæður (s.s. samgöngur eða veikindi) því að kjörbréf berist skrifstofu ASÍ á réttum tíma og skal kjörbréfanefnd þá fjalla um þau strax og við verður komið og ársfundurinn síðan afgreiða þau.
- 1.10. Eigi ársfundarfulltrúar lögmaet forföll eftir að kjörbréf þeirra hafa verið afgreidd, sem sannanlega gera þeim ókleift að rækja fundarstörf, skal kjörbréfanefnd þegar í stað fjalla um kjörbréf varafulltrúa í þeirra stað og ársfundurinn síðan afgreiða þau svo fljótt sem við verður komið. Varafulltrúi gegnir að svo búnu ársfundarstörfum til ársfundarloka.
- 1.11. Kjörbréf sem ársfundurinn hefur ákveðið með atkvæðagreiðslu að taka ekki gild, verða eigi borin upp til atkvæða eða tekin til umræðu aftur á sama ársfundi.
- 1.12. Þegar kjörbréf hafa verið afgreidd skal forseti sambandsins leggja fyrir inntökubeiðni nýrra félaga. Fyrir skal liggja bráðabirgðaafgreiðsla miðstjórnar samkvæmt 6. grein laga ASÍ. Þegar aðild nýs aðildarfélags hefur verið samþykkt skal bera upp og afgreiða kjörbréf fulltrúa þess.
- 1.13. Aðgang að fundarsal ársfundar eiga ársfundarfulltrúar, starfsmenn ársfundar, sérstakir gestir hans og starfslíð fundarhússins.





2.0. Stjórn ársfundar

- 2.1 Að lokinni afgreiðslu kjörbréfa og inntöku nýrra félaga skal kjósa fundarstjóra, 1. varafundarstjóra og 2. varafundarstjóra.
Fyrst skal kjósa fundarstjóra sem gengst fyrir kosningu varafundarstjóra og fjögurra skrifara. Rétt kjörinn fundarstjóri þarf að hljóta meira en helming greiddra atkvæða þeirra sem á fundi eru.
Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð við fyrstu kosningu skal kosið að nýju um þau tvö sem flest atkvæði hlutu í fyrri umferð og ræður hlutkesti ef þau sem til greina koma hafa hlotið jafnmörg atkvæði við fyrri umferð.
Verður það þeirra fundarstjóri sem fleiri atkvæði fær þá.
Fái bæði jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti hvort verður fundarstjóri.
Sömu reglu skal fylgt við kosningu varafundarstjóra.
Minnst 10 ársfundarfulltrúar geta skriflega krafist leynilegrar atkvæðagreiðslu við kosningu fundarstjóra.
- 2.2. Fundarstjóri stjórnar fundi og sér um að allt fari fram með góðri reglu, tekur við öllum erindum til ársfundarins og skýrir frá þeim og dreifir til ársfundarfulltrúa.
- 2.3. Vilji fundarstjóri taka þátt í umræðum frekar en fundarstjórastaða krefur þá vikur hann fundarstjórásæti, en varafundarstjóri tekur forsæti á meðan.
- 2.4. Hlutverk skrifara er að halda gerðarbók undir umsjón fundarstjóra og skal í henni getið allra mála, er rædd eru á fundum og úrslita þeirra.
Skrifarar skrá atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar.
Sömuleiðis sjá þeir með fundarstjóra um að ályktanir séu skrásettar og áritar fundarstjórinn eitt eintak hverrar ályktunar sem frumheimild.
Skrifarar skipta störfum á milli sín eftir samkomulagi við fundarstjóra.
- 2.5. Fundarstjóri skipar fólk til að annast dreifingu atkvæðaseðla.
Fundarstjóri skipar teljara úr hópi ársfundarfulltrúa og/eða starfsmanna svo sem þykir þurfa á hverjum tíma.
- 2.6. Allt talað orð á fundum skal hljóðritað í umsjón skrifara. Upptökurnar skulu varðveittar þar til fundargerð ársfundar og samþykktir hafa verið gefnar út. Þá skulu upptökurnar afhentar Sögusafni verkalýðshreyfingarinnar.

3.0. Nefndir

- 3.1. Á ársfundum starfar dagskrárnefnd sem skipuð er forseta og varaforseta sambandsins auk fundarstjóra ársfundarins og varafundarstjórum.
Forfallist forsetar sambandsins tilnefnir miðstjórn fulltrúa úr sínum hópi í dagskrárnefndina.
Dagskrárnefnd undirbýr dagskrá funda sem byggð skal á þeim málum sem lögð eru fyrir ársfund skv. 25 og 45. gr. laga ASÍ og gerir tillögur um þær málefnanefndir sem starfa á ársfundi. Jafnframt skal hún gera tillögu um hver skuli stjórna störfum hverrar nefndar og um nefndarritara. Ársfundarfulltrúar skrá sig starfa í einstökum nefndum og fara með atkvæðisrétt í störfum þeirra.
- 3.2. Á ársfundi skal kjósa kjörnefnd skipaða 9 fulltrúum, sem starfi milli ársfunda og þar til kosningu er lokið. Kjörnefnd skal leggja fram tillögur um uppstillingu til þeirra starfa sem ársfundur kys til nema annað sé tekið fram í fundarsköpum þessum.
- 3.3. Ársfundurinn stofnar aðrar nefndir á hvaða stigi máls sem er, gefist tilefni til. Sé það gert áður en umræðum er lokið, skal umræðum frestað.
- 3.4. Nefndir skili skriflegu álitinu til ársfundarins og skal því dreift til ársfundarfulltrúa.





Sé ekki eining um niðurstöðu nefndar geta þau sem að séráliti standa skipað sér frummælenda sem hefur sama rétt og frummælendi meirihluta við umræður á fundum, enda sé séráliti skilað skriflega og það stutt skriflega af ekki færri en 15 ársfundarfulltrúum sbr. gr. 5.5.

4.0. Umræður

- 4.1. Hver ársfundarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar fundarstjóra samkvæmt þeim reglum sem fundarstjóri ákveður.
Ef tveir eða fleiri ársfundarfulltrúar kveða sér hljóðs samtímis ákveður fundarstjóri í hvaða röð þeir tala.
- 4.2. Ársfundarfulltrúi skal ávallt mæla úr ræðustól og jafnan víkja ræðu sinni til fundarstjóra og fundarins.
- 4.3. Forseti má taka til máls eins oft í umræðum um skýrslu forseta og hann óskar.
Frummælendur meiri- eða minnihluta nefndar mega taka til máls þrisvar sinnum um málefni það er þeir flytja, að hámarki 10 mín. í senn.
Aðrir ársfundarfulltrúar mega ekki tala oftari en tvisvar við sömu umræðu um sama mál og í 10 mínútur í senn.
Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, fundarstjórn eða fundarsköp.
Tillöguflytjanda er heimilt að taka til máls í lok umræðu um viðkomandi tillögu, þó ekki lengur en í 5 mínútur. Regla þessi gildir um einn einstakling úr hópi tillöguflytjenda séu tillöguflytjendur fleiri en einn.
- 4.4. Ef fundarstjóri telur umræðu dragast úr hófi fram getur hann lagt til að ræðutími frummælenda meiri- eða minnihluta nefndar verði eigi lengri en 5 mínútur.
Þá getur fundarstjóri hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma.
Ársfundurinn afgreiðir tillögur fundarstjóra í þessu efni umræðulaust.
Ársfundarfulltrúar geta borið fram slíka tillögu enda sé hún skriflega studd með undirritun ekki færri en 10 ársfundarfulltrúa. Skal tillagan afgreidd umræðulaust.
- 4.5. Skylt er ársfundarfulltrúum að lúta valdi fundarstjóra í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu. Láti ársfundarfulltrúar sem vikið hafa frá góðri reglu eigi segjast skal fundarstjóri víta þá og nefna til ástæður. Ef ársfundarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur fundarstjóri lagt til við fundinn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir lifir fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

5.0. Tillögur, lagabreytingar og atkvæðagreiðsla

- 5.1. Engar tillögur um mál á ársfundi er hægt að bera upp til atkvæða nema þeim hafi verið dreift skriflega til ársfundarfulltrúa. Í öllum málum samkvæmt kafla þessum ræður einfaldur meirihluti atkvæða nema lög ASÍ eða fundarsköp þessi mæli fyrir á annan veg.
- 5.2. Um þau mál sem berast ársfundi skv. 25. og 45. gr. laga ASÍ skulu fara fram tvær umræður. Við fyrri umræðu skal gera grein fyrir tillögum og leggja fram og gera grein fyrir tillögum til breytinga á þeim ef einhverjar eru. Að svo búnu skal öllum tillögum vísað til viðeigandi málefnanefndar.
- 5.3. Drög að ályktun eða tillaga sem málefnanefnd á ársfundi sendir frá sér til síðari umræðu telst ekki breytingartillaga heldur aðaltillaga og samhliða teljast allar tillögur úr fyrri umræðu niður fallnar.
Við síðari umræðu er ársfundarfulltrúum heimilt í samræmi við gr. 5.5. að flytja breytingatillögur við drög að ályktun eða tillögu málefnanefndar.
Við síðari umræðu skal fundarstjóri bera tillögur upp í þeirri röð sem hann ákveður.
Séu fleiri en ein tillaga í sama máli skal þó fyrst bera upp þá tillögu sem lengst gengur.





- 5.4. Undir liðnum önnur mál er ársfundarfulltrúum heimilt að taka upp hvert það mál sem þeir óska eftir umræðu um, önnur en þau sem þegar hafa hlotið afgreiðslu ársfundar. Ekki er þeim þó undir þessum lið heimilt að bera fram tillögur til ályktunar um annað en að fela miðstjórn og/eða forsetum ASÍ að vinna að tilteknum verkefnum eða málefnum milli ársfunda. Um heimildir miðstjórnar fer skv. 25.gr. laga ASÍ.
- 5.5. Allar tillögur sem bornar eru fram skulu vera skriflegar, undirritaðar af tillöguflytjendum og skriflega studdar af ekki færri en 15 ársfundarfulltrúum að tillöguflytjendum meðtöldum. Ekki er heimilt að taka tillögu til umræðu fyrr en fundarstjóri hefur lýst henni. Komi upp ágreiningur um í hvaða nefnd ákveðin tillaga skuli rædd skal fundarstjóri leysa úr þeim ágreiningi með úrskurði.
- 5.6. Séu fleiri en einn flytjandi að tillögu getur hver og einn þeirra dregið sig til baka af tillögunni í heyranda hljóði. Fari svo að tillaga sé í heild sinni dregin til baka, getur hver sem er úr hópi ársfundarfulltrúa gert slíka tillögu að sinni í heyranda hljóði á sama fundi og undirritað hana síðan til staðfestingar, enda sé aflað stuðnings úr hópi ársfundarfulltrúa við hana að nýju sbr. gr. 5.5.
- 5.7. Ákvæði greinar 5.6. gilda ekki um tillögur þær sem tilskilinn stuðning þarf skv. fundarsköpum þessum.
- 5.8. Efnislegar tillögur eru þessar:
- 1) Aðaltillaga
 - 2) Breytingartillaga
 - 3) Viðaukatillaga
- 5.9. Við atkvæðagreiðslu skal fyrst bera upp breytingartillögu við aðaltillögu. Síðan skal bera upp aðaltillögu með áorðnum breytingum hafi breytingartillögur verið samþykktar. Að öðrum kosti er aðaltillaga borin upp í upphaflegri mynd. Þá skal bera upp viðaukatillögur.
- 5.10. Þær breytingartillögur sem lengra ganga skal bera upp á undan þeim sem ganga skemur. Breytingartillögu sem kollvarpar eða breytir aðaltilgangi annarrar tillögu eða sem varðar önnur efnisatriði en tillaga hefur verið gerð um breytingu á, má fundarstjóri ekki taka til greina en því álitu sínu skal fundarstjóri lýsa fyrir fundi. Til að breytingartillaga nái fram að ganga þarf hún að hljóta sama fjölda atkvæða eins og aðaltillagan þarf til þess að teljast samþykkt.
- 5.11. Forgangstillögur eru í þessari röð:
- 1) Tillaga um að ganga þegar til atkvæða, sbr. þó grein 4.5.
 - 2) Tillaga um að vísa máli frá.
 - 3) Tillaga um að taka fyrir næsta mál á dagskrá.
 - 4) Tillaga um að fresta máli.
 - 5) Tillaga um að vísa máli til annars valds.
- Tillögur undir 1. tl. má ekki ræða.
Um tillögur undir 2., 3. og 4. tl. má gera stuttar athugasemdir.
Um tillögur undir 5. tl. má gera stuttar athugasemdir en um málið sjálft gilda sömu reglur og um önnur efnisleg mál sem koma fyrir ársfundinn.
- 5.12. Fundarstjóra er heimilt að bera tillögu upp í tveimur eða fleiri liðum en þó því aðeins að hver liður sé sjálfstæður og að skiptingin geri tillöguna ekki óljósa.
- 5.13. Tillögu, sem hefur verið felld, má ekki bera upp á sama fundi. Með samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða ársfundarfulltrúa má þó taka málið upp á ný síðar á ársfundinum enda séu 3/4 hlutar ársfundarfulltrúa, þeirra sem eigi hafa boðað forföll til fundarstjóra, viðstaddir á fundi þegar slík tillaga er til afgreiðslu.
- 5.14. Ákvæði greinar 5.13. eiga ekki við um afgreiðslu kjörbréfa.
- 5.15. Atkvæðagreiðsla um tillögur fer fram með handauppréttingu. Leynileg atkvæðagreiðsla fer fram ef þess er óskað skriflega og tillagan skriflega studd af minnst 10 ársfundarfulltrúum.





Atkvæðagreiðslur við nafnakall leyfast ekki.

Heimilt er að viðhafa atkvæðagreiðslur með rafrænum hætti. Atkvæðaseðlar eru þá vistaðir á tölvu og atkvæði greidd með þar til gerðum búnaði. Meginreglur fundarskapa þessara gilda um atkvæðagreiðsluna eftir því sem við á.

- 5.16. Engar atkvæðagreiðslur geta farið fram um tillögur nema á fundi sé staddur minnst helmingur ársfundarfulltrúa sem ekki hafa boðað forföll sín til fundarstjóra sbr. þó grein 5.14. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er atkvæðagreiðslan lögmat með þeim ársfundarfulltrúum sem mættir eru til fundar, hafi fundarstjóri tiltekið og tilkynnt sérstakan tíma fyrir viðkomandi atkvæðagreiðslu með að a.m.k. 30 mínútna fyrirvara.
- 5.17. Fundarstjóri skipar teljara til talningar atkvæða úr hópi ársfundarfulltrúa og/eða starfsmanna, svo marga sem henta þykir.
Jafnan skulu teljarar úr hópi ársfundarfulltrúa, allt eftir því sem við á, vera skipaðir úr hópum andstæðra fylkinga á fundum.
- 5.18. Breyting á lögum ASÍ telst ekki samþykkt nema hún hljóti 2/3 atkvæða á fundi.

6.0. Kosningar

- 6.1. Kosningar í trúnaðarstöður skulu vera leynilegar á ársfundum Alþýðusambandsins. Heimilt er að viðhafa kosningar með rafrænum hætti. Kjörseðlar eru þá vistaðir á tölvu og atkvæði greidd með þar til gerðum búnaði. Meginreglur fundarskapa þessara gilda um rafrænar kosningar eftir því sem við á.
- 6.2. Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti, þó með eftirfarandi undantekningum.
 - a. A.m.k. helming greiddra atkvæða þarf til þess að ná löglegu kjöri í miðstjórn.
 - b. Ákvæði um kjör fundarstjóra, sbr. grein 2.1.
- 6.3. Komi ekki fram tillögur um fleiri en kjósa skal, skulu þau sjálfkjörin.
- 6.4. Þegar meirihluta greiddra atkvæða er krafist vegna kosninga í trúnaðarstöður og það atkvæðamagn fæst ekki í fyrstu umferð, skal kosið að nýju um þau sem ekki náðu kosningu. Verði kosningu þá heldur ekki lokið, skal kjósa um þau sem flest atkvæði fengu en ekki náðu kosningu í annarri umferð, þannig að tvö séu í kjöri um hvert sæti.
Ef tvö eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti úrslitum.
- 6.5. Atkvæðaseðill er ógildur, ef á honum eru nöfn einstaklinga, sem ekki eru í kjöri, eða ef ekki eru greidd atkvæði jafnmörgum og kjósa á. Auður seðill telst ekki til greiddra atkvæða en gefa skal upp fjölda auðra seðla og ógildra þegar kosningu er lýst.
Sé viðhöfð rafræn atkvæðagreiðsla er heimilt að gera ráð fyrir því að viðeigandi tölvubúnaður sé þannig úr garði gerður að ekki sé hægt að gera kjörseðil ógildan.
- 6.6. Við atkvæðagreiðslu fer hver ársfundarfulltrúi með atkvæði í samræmi við 30.gr. laga ASÍ.
- 6.7. Fundarstjóri skal gera ársfundarfulltrúum viðvart með tilkynningu áður en kosningar hefjast. Eftir hæfilegan umþóttunartíma, tilkynnir fundarstjóri að dreifing atkvæðaseðla hefjist og um leið ber starfsmönnum að sjá til þess að enginn gangi út eða inn í fundarsalinn þar til fundarstjóri hefur lýst yfir að kosningu sé lokið, atkvæðaseðlum safnað saman og athugasemdir ekki komið fram um það.
Fari kosningar eða atkvæðagreiðslur fram með rafrænum hætti skal fundarstjóri með sama hætti tilkynna að nú muni kosningar hefjast og gefa upp þann tíma sem áætlað er að kosning muni taka. Að svo búnu skal aðgangur að rafrænum kosningabúnaði opnaður og kosningar hefjast. Kosning skal að minnsta kosti standa jafnlengi og fundarstjóri hefur áætlað. 10 mínútum áður en kosningu líkur samkvæmt ákvörðun fundarstjóra skal tilkynna fundinum þá ákvörðun. Að liðnum þeim fresti skal aðgangi að rafrænum kosningabúnaði lokað og lýsir þá fundarstjóri að kosningu sé lokið.





- 6.8. Um leið og talningu atkvæðaseðla við hverja atkvæðagreiðslu er lokið og niðurstaða talningar færð á skýrslu til fundarstjóra sem allir talningamenn hafa staðfest sem rétta, skulu atkvæðaseðlar innsiglaðir í traustan kassa eða varðveittir í lokuðum gagnagrunni hafi kosning verið rafræn og geymast þar til fundarstjóri hefur tilkynnt ársfundarfulltrúum úrslit. Komi ekki fram skrifleg krafa minnst 10 ársfundarfulltrúa um endurtalningu atkvæða þegar eftir tilkynningu fundarstjóra, verður krafa um endurtalningu ekki tekin til greina. Fyrir lok ársfundarins skulu atkvæðaseðlar eyðilagðir eða tölvugögnum eytt undir umsjón fundarstjóra.
- 6.9. Kjörgengir í trúnaðarstöður Alþýðusambands Íslands eru allir fullgildir félagar í aðildarsamtökum ASÍ. Tilnefningar skulu vera skriflegar og studdar með undirritun a.m.k. 15 ársfundarfulltrúa. Skriflegar stuðningsyfirlýsingar þurfa þó ekki að fylgja tillögum kjörnefndar. Sé á ársfundi stungið upp á fólki í trúnaðarstöður sem eigi situr fundinn, verða slíkar tilnefningar eigi teknar til greina nema fyrir liggi staðfest yfirlýsing um að viðkomandi taki kjöri.

7.0. Afgreiðsla og breyting fundarskapa

- 7.1. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður um afgreiðslu fundarskapa.
- 7.2. Komi fram tillögur um fundarstjórn eða meðferð mála sem þessi fundarsköp ná ekki til, þá ræður einfaldur meirihluti enda sé fundur löglegur.

Fundarsköp ársfundar ASÍ þannig samþykkt á ársfundi ASÍ 2005.





Atriðisorðaskrá

Aðgangur að fundarsal:

Aðgangur að fundarsal.	1.13
Sérstakir gestir.	1.13

Afgreiðsla og breyting fundarskapa:

Ákvæði vantar í fundarsköp.	7.2
Einfaldur meirihluti ræður.	7.1
Fundur lögmætur.	7.2

Forseti ASÍ, réttindi og skyldur:

Dagskrárnefnd, þátttaka í störfum dagskrárnefndar.	3.1
Fundarstjóri, kosning fundarstjóra.	1.1
Inntökubeiðnir nýrra félaga.	1.12
Kjörbréf, skipun manna til talningar atkvæða. ...	1.3
Kjörbréfanefnd, afgreiðsla tillagna kjörbréfanefndar.	1.4
Setning ársfundar.	1.1
Stjórnun ársfundar.	1.1
Skrifrarar, skipun skrifara til bráðabirgða.	1.2
Skýrsla forseta, ræðufjöldi um skýrslu.	4.3

Inntökubeiðnir:

Bráðabirgðaafgreiðsla miðstjórnar.	1.12
Inntökubeiðnir nýrra félaga.	1.12

Kjörbréf og kjörbréfanefnd:

Afgreiðsla ársfundarfulltrúa á eigin kjörbréfum ...	1.6
Afgreiðsla kjörbréfa aðalfulltrúa	1.5
Atkvæðagreiðslu krafist.	1.5
Áliti kjörbréfanefndar skilað.	1.4
Einfaldur meirihluti.	1.5
Framsögumaður kjörbréfanefndar.	1.4
Frestun á afgreiðslu kjörbréfa.	1.7
Kjörbréf varafulltrúa.	1.10
Lögmæt forföll ársfundarfulltrúa.	1.10
Ógild kjörbréf ekki borin upp aftur.	1.11
Seinkun á að kjörbréf berist.	1.9
Starfstímabil kjörbréfanefndar.	1.8
Tillögur kjörbréfanefndar bornar upp.	1.4

Kosningar:

Aðal- og varamenn í miðstjórn.	6.2
Atkvæðamagn næst ekki í annarri umferð.	6.4
Atkvæðamagn næst ekki í fyrstu umferð.	6.4
Atkvæðamagn ársfundarfulltrúa við atkvæðagreiðslu.	6.6
Atkvæðaseðlar eyðilagðir, gögnum eytt.	6.8
Auðir seðlar.	6.5
Dreifing atkvæðaseðla hefst.	6.7
Einfaldur meirihluti.	6.2
Einfaldur meirihluti - undantekningar.	6.2
Endurtalningar krafist.	6.8
Fjarstödd í kjöri.	6.9
Framkvæmd kosninga.	6.7
Fundarsal lokað.	6.7
Fundarstjóri kjörinn.	2.1
Hlutkesti ræður.	6.4

Jafnmörg atkvæði falla.	6.4
Kjörgengi í trúnaðarstöður.	6.9
Kosningar hefjast.	6.7
Krafa um endurtalningu ekki tekin til greina.	6.8
Leynilegar kosningar í trúnaðarstöður.	6.1
Lögleg kosning fengin í miðstjórn.	6.2
Niðurstöður atkvæðagreiðslu færðar fundarstjóra.	6.8
Niðurstöður atkvæðagreiðslu staðfestar.	6.8
Ógildir atkvæðaseðlar.	6.5
Rafræn kosning hefst.	6.7
Rafrænni kosningu lokið.	6.7
Sjálfkjörið.	6.3
Skrifari kjörinn.	2.1
Tilkynning um niðurstöðu talningar.	6.8

Lögmæti fundar:

Lögmæti fundar.	5.15
----------------------	------

Nefndir:

Atkvæðisréttur í nefnd.	3.1
Dagskrárnefnd.	3.1
Kjörnefnd.	3.2
Málefnanefndir.	3.1
Sérálit úr nefnd.	3.4
Skráning í nefndir.	3.1
Stofnun nefnda.	3.3

Tillögur og atkvæðagreiðsla:

Aðaltillaga í upphaflegri mynd.	5.9
Aðaltillaga með áorðnum breytingum.	5.9
Aðaltillaga með viðaukatillögu.	5.9
Breyting á lögum 2/3 hlutar atkvæða.	5.18
Breytingartillaga borin upp.	5.10
Breytingartillaga sem kollvarpar.	5.10
Breytingartillaga við aðaltillögur.	5.9
Breytingartillaga við aðaltillögur - sama hlutfall atkvæða.	5.10
Dreifing tillagna til ársfundarfulltrúa.	5.1
Efni tillagna.	5.10
Einfaldur meirihluti.	5.1
Endurflutningur felldrar tillögu.	5.13
Felld tillaga.	5.13
Forgangstillögur - fresta máli.	5.11
Forgangstillögur - ganga þegar til atkvæða.	5.11
Forgangstillögur - næsta mál á dagskrá.	5.11

0

Forgangstillögur - vísa máli frá.	5.11
Forgangstillögur - vísa máli til annars valds.	5.11
Fresta máli - stuttar athugasemdir.	5.11
Handaupprétting.	5.15
Leynilegrar atkvæðagreiðslu óskað.	5.15
Lýsing á tillögu, fundarstjóri.	5.5
Löglegur fundur, atkvæðagreiðsla.	5.16
Nafn dregið til baka.	5.16
Nafnakall leyfist ekki.	5.15





Nefndir ræða tillögur.	5.2
Nýir flutningsmenn að afturkallaðri tillögu.	5.6
Ólöglegur fundur, atkvæðagreiðslu frestað.	5.16
Rafræn atkvæðagreiðsla.....	5.15
Skipting tillagna við atkvæðagreiðslu.	5.12
Skriflegar tillögur.	5.5
Teljara skipaðir.	5.17
Teljara úr hópi andstæðra fylkinga.	5.17
Tillaga sem gengur lengst.	5.3
Viðaukatillögur.	5.8
Vísu máli frá - stuttar athugasemdir.	5.11
Vísu máli til annars valds - efnisleg umfjöllun. ...	5.11
Vísu máli til annars valds - stuttar athugasemdir.	5.11

Umræður, þátttaka og stjórnun:

Athugasemd um fundarstörf.	4.3
Ársfundarfulltrúar, ræðufjöldi.	4.3
Beðið um orðið.	4.1
Forseti ASÍ, ræðufjöldi.	4.3
Frummælendur, ræðufjöldi.	4.3
Góð regla á fundum.	4.5
Lok umræðna.	4.4
Lúta ber valdi fundarstjóra.	4.5
Ræðulengd.	4.3
Röð ræðumanna.	4.1
Takmarkanir á ræðutíma.	4.4
Talað skal úr ræðustóli.	4.2
Vítur á ársfundarfulltrúa.	4.5

Fundarstjórar, réttindi og staða:

Atkvæðagreiðslur, þátttaka fundarstjóra.	2.3
Umræður, þátttaka fundarstjóra.	2.3
Varafundarstjórar.	2.1

